



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: *Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að í stærri bekkjum grunnskóla starfi bæði kennari og aðstoðarmaður*

Á fundi borgarráðs sem haldinn var 11. júní 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

Flokkur fólksins leggur til að í stærri bekkjum séu ávallt tveir, kennari og aðstoðarmaður. Styðja þarf kennara enn frekar en gert er nú. Mikið álag er á marga kennara sem kenna stórum bekkjum þar sem margir nemendur þurfa e.t.v. sértæka aðstoð. Í slíkum bekk er auðvelt fyrir barn sem hefur sig ekki í frammí að týnast og erfiðara er að uppgötva mögulega námserfiðleika og kortleggja aðstoðina sem börnin kunna að þarfnast. Einkenni eru oft falin. Kennari sem er undir miklu álagi og hefur í mörg horn að líta getur ekki tekið eftir öllu í skólastofunni. Að hafa tvo inn í bekk, kennara og annan honum til aðstoðar er mikill kostur og léttir á álagi. Betur sjá augu en auga, auðveldara er að fylgjast með líðan og hegðun nemenda og þeir fá meiri athygli og aðstoð á einstaklingsgrunni.

Svar:

Grunnskólakennarar hér á landi virðast telja að stærri bekkir feli í sér meira álag (<https://netla.hi.is/menntakvika2011/014.pdf>) en það sé ekki síst vegna mikillar breiddar í nemendahópnum og að erfiðara sé að sinna þörfum einstakra nemenda (https://skemman.is/bitstream/1946/14347/1/8_solveig1.pdf).

Í tillögum starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara frá 2017 var tillaga um aukinn stuðning við kennara m.a. með því að fjölga fagfólki sem starfar við hlið kennara í grunnskólum borgarinnar við að mæta þörfum nemenda. Var þetta m.a. gert með því að ráða hegðunarráðgjafa og talmeinafræðinga á þjónustumiðstöðvar og brúarsmiði til Miðju máls og læsis sem vinna með verkefni tengdum börnum af erlendum uppruna. Til að styðja við börn með alvarlegan hegðunarvanda og geðraskanir voru stofnuð tvö farteymi með allt að 16 stöðugildum sem vinna með kennurum að því að finna lausnir á þessum vanda.

Í mörgum skólum borgarinnar vinna kennarar saman í teymum sem gefa kennurum möguleika á auknum sveigjanleika og tækifæri á þróun náms og kennslu, m.a. skiptingu nemenda í minni hópa. Einnig upplifa kennarar skilvirkari viðbrögð við aðstæðum og að auðveldara sé að mæta ólíkum þörfum nemenda. Í rannsókninni *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* frá 2014 kom fram að í teymiskennsluskólum var meiri einstaklingsmiðun í kennsluháttum,

kennarar sögðust eiga betri samskipti við nemendur og samskipti nemenda voru betri, áhersla var á samstarf starfsfólks, samvinnunám var algengara, umfangsmeira þróunarstarf var í gangi og starfsánægja kennara meiri, m.a. vegna meiri jafningjastuðnings og að agamál virðast auðleystari.

Í Menntun til framtíðar, aðgerðir og viðbrögð í kjölfar fundaraðar um menntun fyrir alla og mótun menntastefnu til 2030 var m.a. lagt til að haldið verði áfram að rannsaka orsakir vaxandi álags og kulnunar meðal kennara og ráðist í breytingar á starfsumhverfi þeirra á grundvelli niðurstaðna og að dregið verði úr vægi læknisfræðilegrar nálgunar á viðfangsefni skólaþjónustu en þess í stað lögð áhersla á stuðning við kennara og skóla.

Skólastjórar skipuleggja skólastarfið í sínum skólum í samráði við kennara. Grunnskólar borgarinnar fá úthlutað fjármagni eftir ákveðnum reiknireglum þar sem m.a. er gert ráð fyrir að í 1. bekk sé að lágmarki 25% stöðugildi stuðningafulltrúa fyrir hverja 22 nemendur. Skólastjórar geta síðan einnig nýtt aðra kvóta, s.s. vegna annarra starfsmanna og úthlutun vegna almennrar sérkennslu til að bæta við stuðningsfulltrúum í einstaka bekkjum ef þörf krefur. Í mörgum tilvikum er stuðningsfulltrúum einnig falið að styðja við nemendur með skilgreindar sérþarfir í skólastarfinu. Skólastjórnendum í grunnskólum borgarinnar er fyllilega treyst til að nýta það fjármagn sem þeir hafa til umræða til að koma sem best til móts við þarfir nemenda hverju sinni.